



FRÉTTABRÉF BSSL

EFNI BRÉFSINS:

Ný reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu 2

Kostnaður eykst við framleiðslu mjólkur 3

Klaufskurður 3

Við áramót 4

Skil á skýrslum yfir lax- og silungaveiði 4

Breytingar á starfsliði

Um áramótin breyttist starfshlutfall Þorsteins Ólafssonar en hann mun sjá um jógurbólgurannsóknir á vegum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði hér á Selfossi. Þorsteinn mun þó verða í 25 % starfshlutfalli hjá Búnaðarsambandinu og mun einkum sinna sauðfjársæðingum og ráðgjöf í frjósemi nautgripa.

Kristín Björnsdóttir hóf störf við bændabókhald hjá Búnaðarsambandinu um áramótin en hún starfaði áður um árabíl hjá MBF og nú síðast hjá MS.

Sigrún Böðvarsdóttir frá Prestsbakka kom í hlutastarf við bændabókhald nú um áramótin með aðsetur í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Á DÖFINNI:

• 29. jan.

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi, Árhúsum, Hellu

• 1. feb.

Íslensk mjólkurframleiðsla árið 2020 - málþing á Hótel Loftleiðum

• 7.-8. feb.

Fræðing landbúnaðarins

Bygging hrossa - námskeið

• 16. feb.

Hestheimum í Ásahreppi

• 17. feb.

Dallandi við Mosfellsbæ

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi - þriðjudaginn 29. janúar kl. 11.30 í Árhúsum á Hellu -

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi verður haldinn í Árhúsum á Hellu þriðjudaginn 29. janúar 2008. Fundurinn hefst á léttum hádegisverði kl. 11.30 en fundarstörf byrja kl. 12.00.

Á fundinum verður auk hefðbundinna aðalfundastarfa fjallað um afkomu og rekstrarumhverfi greinarinnar.

Elin Björg Jónsdóttir fulltrúi BSRB í Verðlagsnefnd búvara mætir á fundinn

Skipuð hefur verið kjörnefnd til undirbúnings kosninga í félagsráð og fulltrúa á aðalfund Landssambands kúabænda. Þeir sem vilja gefa kost á sér eða koma á framfæri uppástungum um fólk til þessara trúnaðarstarfa er bent á að setja sig í samband við nefndina, en hana skipa:

- Ólafur Helgason Hraunkoti. s. 487 4703
- Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti. s. 486 6558 / 860 1329
- Hlynur Snær Theódórsson Voðmúlastöðum. s.487 8190

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Námskeið í sauðfjárræktarkerfinu Fjarvis.is

- Föstudaginn 22. feb. kl. 13:00-20:00 í Grunnskólanum á Hellu.
- Laugardaginn 23. feb. kl. 09:00-16:00 í Grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri.

Ný reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu

Í byrjun árs var gefin út ný reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu (nr. 10/2008) til samræmis við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007. Hægt er að nálgast nýju reglugerðina á heimasíðu BSSL (www.bssl.is) undir *Sauðfjárrækt og Gæðastýring*.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldri reglugerðinni eru eftirfarandi:

- **Stjórnsýsla**
 - o Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt nýju reglugerðinni um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.
 - o Matvælastofnun fer með framkvæmd gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu.
 - o Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við eftirlitsaðila (ríkisstofnanir og/eða einkaaðila) um eftirlit og úttekt á landi sem nýtt er við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.
 - o Matvælastofnun er heimilt að annast öll þau verkefni sem lögð eru til þessa eftirlitsaðila.
- **Umsóknir og skráningar**
 - o Umsóknir eiga nú að berast beint til Matvælastofnunar.
 - o Umsóknum skal skila eigi síðar en **20. nóvember** ef framleiðandi óskar eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár. Ef framleiðandi hefur fallið úr gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu getur hann sótt um aftur vegna næsta ár og þá í síðasta lagi 20. nóvember.
 - o Matvælastofnun heldur skrá yfir framleiðendur sem eru í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.
 - o Bændasamtök Íslands sjá um að koma gæðahandbók til framleiðenda.
- **Skyldur framleiðenda við framleiðslu**
 - o Gæðahandbók er einfölduð nokkuð og Bændasamtök Íslands sér um útfærslu hennar.
 - o Skýrt kemur fram að sauðfé skuli njóta fullnægjandi aðbúnaðar, meðferðar og fóðrunar og að uppfylla þurfi kröfur um húsaskjól, aðbúnað og umhirðu sauðfjár til samræmis við reglugerð nr. 60/2000.
 - o Fjárstofn skal merktur samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005.
 - o Fjárstofn skal skráður í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands og lokaskil á skýrsluhaldi er í síðasta lagi 1. febrúar næsta árs. Nýir framleiðendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu sem ekki hafa verið þátttakendur í skýrsluhaldi þurfa að skila vorupplýsingum í síðasta lagi 20. júní á fyrsta ári.
 - o Uppfylla skal skyldur um bólusetningar sauðfjár gegn garnaveiki.
 - o Framleiðendur sem sótt hafa um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu þurfa að sækja sérstakt undirbúningsnámskeið.
- **Landnýting framleiðenda þarf að vera sjálfbær....**
 - o Í viðauka I eru viðmiðunarreglur um mat á ástandi lands og landnýtingu og eru viðmiðunarmörk fyrir ástand heimalanda

og upprekstrarheimalanda breytt þannig að hámarki megi vera 15 ha lands með lokaeinkunn E sem er land með miklu jarðvegsrofi og að hámarki megi vera 40 ha lands með lokaeinkunn D+E sem er land með talsvert og mikið rof.

- o Matvælastofnun og eftirlitsaðilar geta krafist framleiðendur um gögn til sönnunar á heimildum hans til nýtingar þess lands sem hann tilgreinir í umsókn sinni um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.
- **Eftirlit og ákvarðanir**
 - o Matvælastofnun tilkynnir framleiðenda eigi síðar en 31. júlí ár hvert ef hann uppfyllir EKKI skilyrði gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu og gefur framleiðanda jafnframt kost á að andmæla. Því næst tilkynnir stofnunin framleiðanda hvort hann uppfylli skilyrði aðildar og eigi þar með rétt á að fá álagsgreiðslur.
- **Álagsgreiðslur og gjalddagar**
 - o Greitt er álagsgreiðsla á sömu flokka og gert var í eldri reglugerðinni. Þ.e. gæðaflokkana E, U, R og O og fituflokkana 1, 2, 3 og 3+.
 - o Gjalddagar eru þeir sömu, þ.e. 95% af álagsgreiðslum eru greiddar 25. nóvember fyrir framleiðslu janúar til október og 95% af álagsgreiðslum eru greiddar 20. desember fyrir framleiðslu í nóvember. Lokauppgjör er síðan 5. febrúar næsta ár.
 - o Nýtt er í reglugerðinni að núna fá framleiðendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu fyrirframgreiðslu 15. mars sem nemur 35% af heildarálagsgreiðslum síðasta árs. Fyrirframgreiðslan verður fyrst greidd 2009. Meðal skilyrða til að fá fyrirframgreiðslu er að framleiðandi hafi skilað haustskýrslu úr búfjárefirliti og að hann hafi ekki tilkynnt að hann sé hættur í gæðastýringu. Fyrirframgreiðslan er síðan dregin frá við uppgjör sem fer fram 25. nóvember.
 - o Falli framleiðandi úr gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu eða aðrar ástæður leiða til þess að fyrirframgreiðslan er byggð á röngum eða brostnum forsendum að hluta til eða öllu leyti ber honum að endurgreiða hana.
- **Framleiðendur sem eru aðilar að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu við gildistöku þessarar reglugerðar halda þeim rétti án sérstakrar umsóknar.**
- **Í viðauka I eru viðmiðunarreglur um mat á ástandi lands og landnýtingu og í viðauka II er fyrirmynd að landbótaáætlun fyrir þá sem hana þurfa að gera.**

Framleiðendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu eru hvattir til að kynna sér þessa nýju reglugerð. Fjármagn til gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu var aukið nokkuð frá fyrri sauðfjársamningi þannig að það er mikilvægt fyrir framleiðendur að uppfylla skilyrði gæðastýringar, ekki hvað sist nú þegar aðföng til búskapar eru að hækka mikið.

*Fanney Ólöf Lárusdóttir
Búnaðarsambandi Suðurlands*

Kostnaður eykst við framleiðslu mjólkur

Undanfarna mánuði hafa hækkanir verið verulegar á ýmsum rekstrarþáttum í mjólkurframleiðslunni og má þar nefna verulegar hækkanir á aðfengnu fóðri og olíu. Fyrirsjáanlegar eru talsverðar hækkanir á áburði og sáðvörum og auk þessa eru vaxtakjör allt önnur og lakari núna en áður.

Á sama tíma og þessar kostnaðarhækkanir koma fram eru ekki í boði sambærilegar greiðslur fyrir umframmjólk og undanfarin tvö verðlagsár. Það er því ljóst að framleiðendur mjólkur verða að bregðast við við sem fyrst svo draga megi úr áhrifum þessara miklu kostnaðarhækkana. Hámarksnýting allra aðfanga er brýnni en nokkru sinni fyrr.

Kjarnfóður

Yfirleitt er kjarnfóður stærsti breytilegi kostnaðarliðurinn í rekstri kúabúa. Samkvæmt uppgjöri SUNNU-búa 2006 var sá liður að meðaltali 12,1 kr á hvern innlagðan lítra. Sú tala verður án efa hærri fyrir árið 2007 vegna hækkana á kjarnfóðri á þessu ári.

Á síðustu misserum hafa komið á markað kjarnfóðurböndur hjá fóðursöllum sem eru án fiskimjöls og á nokkuð lægra verði en þær hefðbundnu böndur sem hafa verið ráðandi. Verðmunur milli þessara blandna er um 20%. Þá mun Sláturfélag Suðurlands væntanlega fara af stað með aukinn innflutning á tilbúnum kúafóðurböndum á þessu ári og væntanlega munu fleiri innflutningsaðilar reyna fyrir sér á fóðurvörumarkaðnum. Hins vegar er erfitt um vik fyrir nýja aðila að koma á þennan markað á meðan fóðurtollur er á innfluttum böndum upp á 3,90 kr/kg. Tollur sem settur var á sínum tíma miðað við allt aðrar aðstæður en eru í dag.

Áburður og sáðvörur

Þegar þetta er skrifað liggja ekki enn fyrir tölur um verð fyrir áburð og sáðvörur. Ljóst er þó að verð þessara aðfanga mun hækka umtalsvert. Til að bregðast við þessum þætti verður að skoða enn frekar en áður nýtingu þess áburðar sem notaður er á hverjum tíma. Sérstaklega hvort einhverjir möguleikar eru á að bæta nýtingu búfjáráburðarins, einkum með tilliti til áburðartíma. Á sama hátt að velja fyrir sér hvort hægt er að draga úr notkun tilbúins áburðar á einstakar spildur. Helst er að líta á eldri tún í því sambandi. Skynsamlegt getur verið að sleppa því að bera á tilbúinn áburð á einstakar spildur en fullan skammt á aðrar í stað þess að spara áburð jafnt á allar spildur. Á sama hátt þarf að velja fyrir enn frekar hagkvæmni endurræktunar og ræktun græn fóðurs – hver þörfin er út frá aðstæðum hvers og eins bús og nýtingu þess fóðurs sem aflað er.

Vaxtakostnaður

Að jafnaði er stærsti útgjaldaliður kúabúa vaxtakostnaður. Árið 2006 fóru að meðaltali á SUNNU-búunum um 24 krónur á hvern innveginn lítra mjólkur í vaxta- og verðbótaþátt. Þetta er án efa breytilegasti kostnaðarþátturinn meðal kúabænda. Þeir bændur sem skulda verulegar upphæðir verða að vera mjög vakandi yfir þessum kostnaði og þeim breytingum sem eru að gerast á markaðnum á hverjum tíma. Kjörin á innlendum verðtryggðum skuldabréfum og lánssamningum hafa snarversnað á síðustu mánuðum og því nauðsynlegt að skoða

myntsamsetningu skuldanna á hverjum tíma annars vegar út frá vaxtamun og áhættu og hins vegar gengisþróun íslensku krónunnar (gengisvísitalan).

Búvélakostnaðurinn

Miklar fjárfestingar hafa verið í þessum lið búrekstrarins síðustu ár. Að hluta til er um eðlilega endurnýjun tækja og tóla en að hluta eru þetta fjárfestingar sem hljóta að orka tvímælis, ekki síst þegar fjármagn er dýrt og til viðbótar að ekki verður séð að aukin verkefni biði þessara tækja í miklum mæli.

Að lokum

Eðli mjólkurframleiðslu er mikil fjárbinding en tiltölulega lítil velta á móti. Því er mikilvægt að ákvarðanir séu vel ígrundaðar m.t.t. þess fjármagns sem hægt er nálgast á hverjum tíma. Út frá almennri skuldastöðu greinarinnar er ljóst að næstu misseri verða menn að staldra við og takast frekar á við að greiða niður lán en ekki að auka á skuldir, ekki síst miðað við þau kjör sem nú eru í boði hjá lánveitendum.

Runólfur Sigursveinsson
Jóhannes Hr. Símonarson

Klaufskurður

Á síðasta ári festi Kynbótastöð Suðurlands kaup á Klaufskurðarbás af danska fyrirtækinu KVK Hydra Klov. Básinn kom til landsins um miðjan október og hófst klaufskurður fljótlega úr því. Guðmundur Jón Skúlason sem hefur m.a. starfað við afleysingar í sæðingum fór til Danmerkur ásamt Guðmundi Hallgrímssyni frá Búvest til að nema klaufskurð í lok síðasta vetrar.

Hjónin Bent og Jonna Frandsen sem hafa atvinnu af klaufskurði á Jótlandi komu svo til landsins í byrjun nóvember og voru nokkra daga við klaufskurð með okkar mönnum.

Erlendar rannsóknir benda til betri endingar og jafnvel verulegra afurðaaukningar hjá kúm. En þar er líka við ýmsa klauf- og fótasjúkdóma að ræða sem við erum laus við.

Klaufskurðurinn gengur vel og höfðu um 30 kúabú og klaufir á 650 kúm verið snyrtar fram að jólum. Guðmundur Jón Skúlason hefur annast klaufskurðinn hér á Suðurlandi en Reynir Þór Jónsson er honum til aðstoðar. Mikilvægt er að bændur láti snyrta klaufir á sem flestum kúm, ekki aðeins þeim sem eru með aflagaðar klaufir.

Kostnaður við klaufskurðinn er 3000 kr á tímann sé einn maður að vinna og komugjald sem nemur 5000 kr óháð vegalengdum. Kostnaður hefur jafnað sig út með um 1000 kr á kú fram að þessu.

Pantanir á klaufskurði eru í síma 480-1800.

Við áramót

Veðurfar var óvenjulegt á síðasta ári. Miklir þurrkar framan af sumri og dró úr sprettu, einkum á sandatúnunum. Nýting heyja var góð enda veðráttta til heyskapar einmuna góð. Margir luku fyrsta slætti um mánaðarmótin júní-júlí. Um miðjan ágúst fór að rigna með fám uppstyttum fram að jólum. Uppskerustörf haustsins voru erfið vegna bleytu og dæmi um að ekki næðist að uppskera korn og garðávexti. Hálmur sem víða er notaður sem undirburður er ýmist enn úti á akrinum eða illa þurr í rúllum. Að hauststörfum slepptum var árið gott til búskapar. Fleira hefur áhrif á bóndann en veðráttan, staðan á markaðnum hefur verið í nær öllum búgreinum góð sem er mikil breyting frá því sem var fyrir 5 árum. Kemur þar einkum þrennt til; mikill fjöldi ferðamanna, þúsundir útlendinga hér við störf og mikil kaupgeta.

Horfurnar á sölu afurða til næstu framtíðar eru góðar. Kúa- og garðyrkjubændur hafa verið að fjárfesta og stækka einingarnar mikið nú á síðustu árum. Þessi uppbygging á eftir að nýstast vel í framtíðinni sem hagræðing í þessum búgreinum svo fremi að fjármagnskostnaðurinn verði víðræðanlegur. Þessum framkvæmdum fylgir hins vegar mikil skuldsetning sem tekur verulega í þegar vaxtastig er svo hátt sem nú. Það sem blasir við á nýju ári er að áburður og kjarnfóður hækka verulega milli ára að ógleymdu olíuverðinu sem er í hæstu hæðum. Venjan hefur verið sú að bændur fá seint hækkanir á afurðum á móti hækkanum aðföngum. Því má ætla að þetta nýbyrjaða ár verði erfiðara afkomulega séð en það nýliðna. Sá bóndi sem framleiðir mjólk með minna af aðkeyptum áburði, kjarnfóðri og olíu en aðrir hefur það betra. Í Sunnu-verkefninu er ótrúlegur munur milli manna hvað þessa liði snertir, þarna reynir á bómenskuna. Nú frekar en áður ættu bændur að láta gera áburðar- og fóðuráætlanir til að nýta aðföng sem best.

Starfsemi Búnaðarsambandsins hefur verið með hefðbundnum hætti og gengið vel, þó alltaf séu breytingar í gangi má segja að umhverfið og búskapurinn breytist hraðar. Nú er nefnd starfandi sem er að skoða alla starfsemi Búnaðarsambandsins og kemur með tillögur þar að lútandi á næsta aðalfund. Starfsemin þarf stöðugt að vera í endurskoðun því ekkert er sjálfgefið í þeim efnunum í stöðugt breyttu umhverfi.

Búnaðarsambandið verður 100 ára þann 6. júlí n.k. Þessi tímasetning var að loknum vorönnun en fyrir slátt við stofnun þess. Nú er þetta ekki heppilegur tími til afmælisfagnaðar og því dreifum við honum á árið. Landbúnaðarsýning á Hellu 22.-24. ágúst er stærsta verkefnið. Undirbúningur er þegar hafinn og væntingar miklar hjá sýnendum. Afmælisrit um sögu Búnaðarsambandsins kemur út með vorinu undir ritstjórn Páls Lýðssonar. Þegar Búnaðarsambandið var 50 ára kom út veglegt afmælisrit sem Páll ritstýrði einnig.

Um áramótin verða samskipti bænda við stjórnvöld í gegnum þrjú ráðuneyti í staðinn fyrir að landbúnaðarráðuneytið sá um flesta þætti áður. Búnaðarskólarnir, rannsóknastofnanir, þar með rannsóknarþátturinn á Stóra-Ármóti tilheyra nú menntamálaráðuneytinu. Landgræðslan verður vistuð í umhverfisráðuneyti en verkefnið „Bændur græða landið“ og fyrirhæðslur verða áfram fjármagnaðar í gegnum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti en í umsjón Landgræðslu ríkisins.

Skógræktin verður ýmist undir umhverfisráðuneytinu eða landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti og fer það eftir því hver plantar trjánum. Í heild er bjartsýni á framtíðina í sveitum landsins, þróunin ör og kraftur í mönnum að sækja fram.

Óska bændum og starfsfólki Búnaðarsambandsins gleðilegs afmælisárs og þakka fyrir það liðna.

Porfinnur Þórarinnsson

Skil á skýrslum yfir lax- og silungsveiði

Vinnsla stendur nú yfir á skýrslum yfir veiði lax og silungs á síðastliðnu ári. Þessa dagana eru skýrslur að berast en nokkuð vantar upp á að allir veiðiréttarhafa hafi skilað skýrslum. Veiðiréttarhafar og aðrir þeir sem hafa umsjón með skráningu á veiði eru beðnir um að koma veiðiskýrslum til Veiðimálastofnunar sem allra fyrst. Senda má ljósrit af veiðiskýrslum eða senda þær rafrænt. Mikilvægt er að einnig sé greint frá ef veiði hefur ekki verið stunduð.

Samkvæmt bráðabirgðatölum var stangveiðin á laxi á landinu öllu árið 2007 um 50.000 laxar, sem er um 28% yfir meðalveiði árána 1974-2006 en um 4.500 löxum meiri veiði en á árinu 2006. Þetta er þriðja mesta laxveiði á stöng í íslenskum ám sem skráð hefur verið. Hafa ber í huga að vaxandi hluti stangveiddra laxa er sleppt aftur eftir að þeir hafa tekið agn, hefur hlutfallið að jafnaði verið um 15% undanfarin ár. Um 5.000 laxar voru veiddir í net sumarið 2007 sem er minni fjöldi en var árið 2006 en þá veiddust 5.953 laxar í net. Þar munar mest um minni veiði í Ölfusá og Hvíta vegna upptöku neta á nokkrum jörðum. Gríðarleg laxveiði var í Rangánum á sl. ári, en samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust þar um 14.700, en árið 2006 var veiðin 6.930 laxar. Þetta er mesta veiði í Rangánum frá upphafi. Í Eystri-Rangá veiddust um 7.500 laxar og 6.300 í Ytri-Rangá. Veiði í Rangánum byggir nær eingöngu á laxi úr sleppingum á miklum fjölda gönguseiða sem alin eru í eldisstöðvum. Í Skógá veiddust um 600 laxar en sú veiði byggist einnig á gönguseiðasleppingum. Af öðrum sunnlenskum ám má nefna að stangveiðin í Sogi var um 680 laxar en þar varð nærri helmingsaukning á veiði milli ára.

Tölur um silungsveiði liggja enn ekki fyrir en í Veiðivötnum var silungsveiði sú besta frá upphafi skráningar. Alls veiddust þar 25.829 fiskar. Á stöng veiddust 21.691 fiskur (84%) og 4.138 fiskar komu í net (16%). Veiði urriða var 16.495 fiskar og 9.334 bleikjur veiddust. Árið 2006 komu 20.578 fiskar á land í Veiðivötnum sem þá var metár. Skráning laxveiði hér á landi er með því besta sem gerist hjá laxveiðipjóðum en enn vantar nokkuð á að skráning silungsveiði sé fullnægjandi. Hún hefur þó batnað og er víða með sama hætti og laxveiðiskráning (einstaklingsskráning). Á nokkrum svæðum á Suðurlandi er skráning silungsveiði góð, má þar nefna skráningu á netaveiði í Apavatni, veiði í Veiðivötnum og sjóbirtingsveiði í ýmsum ám í Skaftárhreyppi. Verðmæti og eftirspurn eftir silungsveiði hefur farið vaxandi á undanförmum árum en víða eru ónýttir möguleikar.

Skráning á veiði er mikilvæg í þeim tilgangi að fylgjast með þeim breytingum sem á fiskstofnum verða svo hægt sé að nýta þá á sem skynsamlegastan hátt. Veiðiskráning er einnig oftlega notuð til að meta verðmæti veiða hvort sem er til útleigu eða til að skipta arði milli veiðiréttareigenda.

Á næstunni verður unnið úr veiðitölum síðasta árs. Í mörgum ám eru reknir teljarar til að fylgjast með fiskgöngum og stærð fiskstofnanna sem í þær ganga. Veiðimálastofnun hefur haft umsjón með mörgum þeirra. Með samanburði á fiskgöngu og veiði má finna veiðihlutfallið og stærð hrygningarstofns. Seiðamælingar, sem víða eru stundaðar, gefa síðan upplýsingar um seiðabættleika og nýliðun og aldursgreiningar á göngufiski gefa mynd af aldurssetningu veiðinnar sem rekja má til klakárganga. Allar þessar rannsóknir eru mikilvægar til að byggja á nýtingu og verndun þeirra mikilvægu verðmæta sem liggja í laxfiskum í íslenskum ám og vötnum. Á sl. sumri var settur upp teljari í Litlu-Laxá við Flúðir, áin var jafnframt leigð út til stangveiði. Seiðarannsóknir hafa verið stundaðar í ánni árlega frá árinu 1985. Vonast er til að með þessum rannsóknum fáiast mat á tengslum hrygningar og nýliðunar í ánni sem síðan nýtist þar við veiðiráðgjöf.

Vinsamlega sendið veiðiskýrslurnar til Veiðimálastofnunar Suðurlandsdeild, Austurvegi 1, 800 Selfoss, eða Veiðimálastofnunar Keldnaholti, 112 Reykjavík. Þær má einnig senda í bréfasíma: 480-1818 eða á netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson